

# Fréttabréf Síðuskóla

6. bréf - febrúar - skólaárið 2020-2021

## Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Sólin hækkar stöðugt á lofti og hefur fyrsti mánuður ársins kvatt okkur. Febrúar er genginn í garð með sínum verkefnum og áskorunum. Við getum svo sannarlega notið útiverunnar þessa dagana í fallegu veðri og yndislegu umhverfi. Frá áramótum höfum við getað haft nokkuð hefðbundið skólastarf þó aðeins séu takmarkanir frá því sem við þekkjum. Þetta hefur gengið vel enda hafa allir tekið höndum saman um það að láta þetta ganga og vonum við að þetta gangi svona vel áfram. Framundan hjá okkur eru viðtalsdagar og mun samtalið fara fram rafrænt eins og í október, við erum orðin klár í þessum fjarfundamálum. Vetrarleyfið er svo um miðjan febrúar. Þann 22. febrúar munum við hefja 100 miða leikinn en það er árlegur viðburður í skólastarfinu. Leikurinn stendur yfir í tvær vikur og er markmiðið með honum að hvetja nemendur til að fara eftir SMT skólareglunum. Starfsmenn gefa 10 nemendum á dag sérstaka hrósmiða sem eru settir á spjald með reitum merktum frá 1 til 100. Búið er að velja vinningsröð á spjaldinu og kemur svo í ljós í lok leiks hvaða nemendur eru í vinningsröðinni. Við þurfum kannski að kynna úrslitin með öðrum hætti en venjulega en við sjáum hvernig málin þróast hjá okkur.



Við minnum svo á að klæða sig vel eftir veðri ekki síst þeir sem fara út í frímínútur. Það er kalt þessa dagana en vissulega í leiðinni afskaplega fallegt vetrarveður.

Bestu kveðjur úr skólanum,  
Ólöf, Malli og Helga



## Á döfinni

### 4. og 5. febrúar

Foreldraviðtöl

### 11. febrúar

Könnunin ungt fólk í 5.-10. bekk

Skólaráðsfundur

### 17. febrúar


Skipulagsdagur

## 6. bekkur - nemendur sauma koddaver, lita með tie-die tækni og þrykkja stafi á sem þeir prenta út úr vínylskera.



## Sköpun bernskunnar


Nemendur í 4. bekk Síðuskóla taka þátt í sýningunni *Sköpun bernskunnar* sem opnar 20. febrúar nk. á Listasafninu á Akureyri. Sýningin höfðar sérstaklega vel til skólabarna, enda sett upp til þess að örva skapandi starf og hugsun barna. Þátttakendur hverju sinni eru börn og starfandi listamenn sem vinna verk sem falla að þema sýningarinnar. Þemað að þessu sinni er *gróður jarðar*. Það er virkilega skemmtilegt að fylgjast með hve krakkarnir eru áhugasamir og skapandi í þessari vinnu.



## Sjóræningjapema í 2. bekk

Krakkarnir í 2. bekk undanfarið unnið með bókina *Sjóræningjar skipta ekki um bleiur* með aðferðum byrjendalæsis. Áhugi krakkanna leynir sér ekki eins og sjá má á myndunum.





## Grænfáninn

Enn bíðum við eftir tækifæri til að taka formlega við nýjum Grænfána sem við fengum í 8. sinn eftir úttekt sem gerð var á haustdögum. Þema næstu tveggja skólaára eru loftslagsbreytingar og samgöngur. Áfram verður lögð áhersla á flokkun innan skólans og halda matarsóun í lágmarki. Síðasta þema snerist um lýðheilsu og liður í því verkefni var að koma upp vatnsbrunnum í skólanum og hefja ávaxtaáskrift. Einnig var lögð áhersla á hreyfingu og hefur verið ákveðið að göngudagur Síðuskóla verði haldinn að hausti annað hvert ár.





# MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

Febrúar

|          |      |                                                   |
|----------|------|---------------------------------------------------|
| 01. feb. | mán. | Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir                    |
| 02. feb. | þri. | Lasagne, hvítlauksbrauð, grænmeti                 |
| 03. feb. | mið. | Fiskur í raspi, kartöflur, kokteilsósa, ávextir   |
| 04. feb. | fim. | <b>Viðtalsdagur</b>                               |
| 05. feb. | fös. | <b>Viðtalsdagur</b>                               |
|          |      |                                                   |
| 08. feb. | mán. | Hakk, spaghetí, grænmeti                          |
| 09. feb. | þri. | Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir           |
| 10. feb. | mið. | Svínasnitsel, kartöflur, meðlæti                  |
| 11. feb. | fim. | Ofnbakaður fiskur, kartöflur, ávextir             |
| 12. feb. | fös. | Aspassúpa, súpubrauð                              |
|          |      |                                                   |
| 15. feb. | mán. | Fiskibollur, hrísgrjón, karrýsósa, ávextir        |
| 16. feb. | þri. | Saltkjöt og baunir                                |
| 17. feb. | mið. | <b>Skipulagsdagur</b>                             |
| 18. feb. | fim. | <b>Vetrarfrí</b>                                  |
| 19. feb. | fös. | <b>Vetrarfrí</b>                                  |
|          |      |                                                   |
| 22. feb. | mán. | Fiskur í raspi, kokteilsósa, ávextir              |
| 23. feb. | þri. | Sænskar kjötbollur, kartöflur, brún sósa, meðlæti |
| 24. feb. | mið. | Gratínfiskur, hrísgrjón, köld sósa, ávextir       |
| 25. feb. | fim. | Mexíkanskur kjúklingaréttur, grænmeti             |
| 26. feb. | fös. | Pylsupasta og sósa                                |

## Hópavinna í 9. bekk um Ísland á 20. öld



## 7. bekkur þrýðar húfur og býr til dúska í textílmennt





**Einkunnarorð í febrúar**

# **Ábyrgð**

Regla mánaðarins er:

„Við flokkum rétt“.

